

From: Hjúkrunarheimili - SJTR <hjukrunarheimili@sjukra.is>

Sent: mánudagur, 12. apríl 2021 14:20

To: Hjúkrunarheimili - SJTR <hjukrunarheimili@sjukra.is>

Subject: RE: Hjúkrunar- og dagdvalarheimili - einingarverð árið 2021 og daggjald árið 2021

Góðan dag,

Þessi póstur er sendur á tengiliði SÍ við hjúkrunar- og dagdvalarheimili sem fá greitt skv. samning við SÍ eða gjaldskrá.

Einingarverð fyrir 2021 hefur nú verið endurskoðað út frá breyttum forsendum sem bárust frá fjármálaráðuneytinu í síðustu viku.

Nýtt einingarverð er **130,17** kr og mun það gilda frá 1. janúar 2021.

Verið er að vinna í að uppfæra einnig daggjald fyrir dagdvöl í samræmi við breyttar forsendur. Ný gjaldskrá fyrir dagdvöl verður síðan birt í sjórnartíðindum.

Þegar allar tölur liggja fyrir þá munum við uppfæra kerfi SÍ.

Til að fá inn leiðréttingu fyrir janúar, febrúar og mars þá munum við bakfæra öll uppgjör og reikna þau aftur með nýju einingarverði og daggjaldi fyrir dagdvöl. Við stefnum á að klára það fyrir næstu mánaðarmót - áður en uppgjör fyrir apríl hefjast.

Bestu kveðjur

Heiðbjört

From: Hjúkrunarheimili SÍ

Sent: 8. febrúar 2021 16:32

To: Hjúkrunarheimili SÍ <hjukrunarheimili@sjukra.is>

Subject: Hjúkrunar- og dagdvalarheimili - einingarverð árið 2021 og daggjald árið 2021

Góðan dag,

Þessi póstur er sendur á tengiliði SÍ við hjúkrunar- og dagdvalarheimili sem fá greitt skv. samning eða gjaldskrá SÍ.

Einingarverð fyrir hjúkrunarheimilin árið 2021 er **129,10**. Kerfi SÍ verða uppfærð á morgun (þriðjudag) og því ættu allir að geta reiknað uppgjör fyrir janúar 2021 og gengið frá því á morgun eða miðvikudag. Þeir sem ekki vita hver RUG stuðull heimilisins er geta sent okkur póst og við sendum ykkur stuðulinn. Til stendur að RUG stuðull heimilanna birtist í Gagnagátt.

Gjaldskrá fyrir dagdvöl hefur ekki verið birt í stjórnartíðindum en ætti að birtast þar á næstu dögum. Daggjald fyrir 2021 er komið inni kerfi SÍ svo hægt er að sjá daggjaldið þar með því að reikna og/eða skoða uppgjör fyrir janúar. Reglugerð um dagdvöl aldraðra var birt í stjórnartíðindum 26. nóvember 2020. Þar kemur fram hver hlutur notenda dagdvalarþjónustunnar árið 2021 er.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=22f3cfe9-241b-49fe-8d81-ee073881207b>